

## Vörn gegn einelti hjá Ási styrktarfélagi.

**Ás styrktarfélag á að vera öruggur vinnustaður þar sem allt starf mótast af virðingu.**

**Við hjá Ási styrktarfélagi lýsum því yfir að hvorki einelti ná annað ofbeldi verður liðið hjá félaginu.**

### Hvað er einelti á vinnustað?

Einelti er um að ræða ámælisverð eða síendurtekin athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.

Einelti á vinnustað er skilgreint sem endurteknar og neikvæðar athafnir sem beitt er af einum einstaklingi eða fleiri gegn vinnufélaga. Þessar athafnir valda þeim einstaklingi sem fyrir verður mikilli vanlíðan og grafa undan sjálfstrausti hans. Einelti felur í sér misbeitingu valds með þeim afleiðingum að þolanda líður illa og hann finnur til varnarleysis.

Einelti er ekki einangraður atburður og getur tekið á sig margs konar myndir.

- Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunaaðrekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns eða tveggja eða fleiri starfsmanna enda sé skoðanaágreiningur eða hagsmunaaðrekstur hvorki viðvarandi eða endurtekinn kerfisbundið.
- Kynferðisleg áreitni, annað andlegt áreiti eða líkamlegt ofbeldi fellur undir skilgreiningu á einelti

### Til hvers vörn gegn einelti?

Til að:

- fyrirbyggja einelti
- bæta líðan og öryggi fólks
- bregðast við grun um einelti á fullnægjandi hátt.

## Markmiðið:

Markmiðið með vörn gegn einelti er að draga úr tækifærum til eineltis og byggja upp þekkingu og afstöðu fólks gegn einelti.

## Forvarnir:

Stjórnendur eru hvattir til að vera á varðbergi, taka tilkynningar um einelti alvarlega og bregðast skjótt við. Hlusta á sjónarmið allra aðila, sýna tillitssemi og deila upplýsingum með öðrum starfsmönnum sé þess þörf. Mikilvægt er að stjórnendur skoði hvert mál ofan í kjölinn og grípi til ráðstafana að vandlega athuguðu máli. Flókið ferli má ekki verða til þess að stjórnendum fallist hendur og taki ekki á eineltismálum.

- Fræðsla um einelti, eðli þess, birtingaform og afleiðingar fyrir gerendur og þolendur.
- Opin umræða um einelti
- Tilkynna strax ef grunur vaknar. Mikilvægt að fólk sé með augu og eyru opin gagnvart einelti.
- Að fólk skilji hvað einelti er.
- Hvetja fólk til að nota orðið einelti við réttar aðstæður.

## Aðgerðaáætlun

- Allir skulu fræddir um stefnu félagsins: **Einelti og ofbeldi leyfist ekki.**
- Ávallt sé lögð áhersla á góð samskipti.
- Að brýnt sé fyrir fólki að þegar ágreiningur kemur upp sé rétt að ræða málin, reyna að komast að málamiðlun og fá aðstoð til þess frá öðrum ef á þarf að halda.
- Fólk er hvatt til að láta vita ef það eða aðrir verða fyrir einelti eða ofbeldi. Öllum á að geta liðið vel í vinnu og notið virðingar sem einstaklingar. Ef starfsmaður greinir frá því að einhverjum líði illa vegna eineltis eða annars ofbeldis á hann rétt á trúnaði, um hver upplýsti málið.
- Fólk er hvatt til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita. Einnig er mikilvægt að gera grein fyrir því

að það að skilja útundan og hunsa er jafnmikið einelti og að hæðast að eða berja.

- Mikilvægt er að starfsmaður bregðist við einelti. Ef ekki, telst hann þátttakandi í eineltinu.

### **Hvernig tökum við á einelti:**

Ef grunur vaknar um að einelti eigi sér stað í einhverri mynd á vinnustöðum/heimilum Áss styrktarfélags fer eftirfarandi ferli í gang:

- Láta yfirmann og/eða starfsmannastjóra vita.
- Yfirmaður/starfsmannastjóri safnar upplýsingum til að fá gruninn staðfestan eða hrakinn.
- Yfirmaður/starfsmannastjóri gerir nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi þolanda.
- Á þessu stigi máls fer yfirmaður út í viðeigandi aðgerðir með aðstoð starfsmannastjóra og/eða eineltisteymis.
- Einnig geta starfsmenn haft samband við sín stéttarfélög og fengið aðstoð.

### **Eineltismálateymi**

Fulltrúar frá: búsetu:

Nína Edda Skúladóttir

Sigríður Kristjánsdóttir

Fulltrúi frá dagþjónustu:

Sigrún Þorvarðardóttir

Fulltrúi frá fötluðum starfsmönnum:

Birna Rós Snorradóttir

Ráðgjafi:

Laufey Elísabet Gissurardóttir

### **Stuðst við:**

- Einelti í lagalegu samhengni fyrirlestur Ernu Guðmundsdóttur hdl hjá BHM
- Samstaða gegn einelti á vinnustöðum: SFR Stéttarfélag í almannþjónustu:
- Vinnueftirlit ríkisins

08.09.2009 Erna Einarsdóttir , Laufey Elísabet Gissurardóttir